



891. fundur stjórnar GSÍ, 14. september 2017, kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Kristín Guðmundsdóttir, Jón Júlíus Karlsson, Rósa Jónsdóttir, Helgi Anton Eiríksson, Gunnar K. Gunnarsson og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt og undirrituð

2. Starfsnefndir, verkefni ársins og næsta árs

Formenn starfsnefnda fóru yfir starfsárið og horfur fyrir komandi tímabil. Brynjar Eldon Geirsson fór yfir vinnu IT nefndar og sýndi glærur sem Arnar kerfisstjóri GSÍ hefur verið að kynna fyrir kerfisstjórum golfklúbba. Helgi Anton Eiríksson fór yfir störf afreksnefndar við uppfærslu afreksstefnunnar til ársins 2025. Jón Júlíus Karlsson formaður mótanefndar fór yfir móthald ársins og fyrirætlanir um að senda bréf á golfklúbba landsins um skipulag til næstu tveggja ára.

3. Dagskrá Golfþings 2017

Umræða um útfærslu á dagskrá Golfþings GSÍ 2017 sem haldið verður 25. nóvember næstkomandi. Rædd var sú hugmynd að breyta fyrirkomulagi þingsins á þá leið að nefndarstörf færu fram á föstudags eftirmiðdegi og fram eftir kvöldi. Lagt var til að fá utanaðkomandi aðila til þess að stýra nefndarstörfum á þinginu. Á laugardeginum yrðu hefðbundin þingstörf ásamt fræðandi fyrirlestrum.

Haukur Örn áréttaði fyrir nefndarformönnum að leggja fram tillögur sínar, sem kynntar yrðu á Golfþingi, fyrir næsta stjórnarfund.

4. Samráðsfundir 2017

Haukur Örn Birgisson fór yfir aðalatriði fundar forystu GSÍ og forsvarsmanna golfklúbba á Norðurlandi sem fram fór í golfskálanum á Jaðarsvelli Akureyri þann 12.09.2017 kl. 17:30 - 20.00. Á fundinum voru m.a. rædd þau málefni sem talin voru mikilvæg til umræðu á komandi golfþingi. Stefnt er að samráðsfundi með Golfklúbba Vestmannaeyja laugardaginn 23. september nk.

5. GSÍ mót 2017, yfirferð

Umræða almennt um mótahald GSÍ á árinu og hvernig það hefur gengið og hvaða atriði mætti bæta til framtíðar litið. Jóni Júlíus Karlssyni, ásamt mótastjóra GSÍ, var falið



að taka þessa umræðu í mótanefnd GSÍ og koma með breytingatillögur fyrir þing ef einhverjar eru.

6. Önnur mál

- Næsti fundur boðaður 19. október kl. 17:00 í fundarsal GSÍ
- Stigskipting keppnisvalla
- Niðurstaða dómstóls GSÍ kynnt vegna kæru Golfklúbbs Borgarness í tengslum við Íslandsmót golfklúbba.
- Heimsókn undanfaranefndar GSÍ til Vestmannaeyja 12.09.2017 tengt Íslandsmótinu í golfi 2018.
- Markaðsmál GSÍ rædd í tengslum við störf útbreiðslunefndar 2018.

Ekki voru fleiri málefni tekin fyrir og fundi var slitið kl. 19.20